

Stjórn Strætó bs.

Ár 2017, föstudaginn 7. júlí, var haldinn fundur 269. fundur stjórnar Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00. Mætt voru: Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Sigrún Edda Jónsdóttir, Sigríður H. Jónsdóttir, Bryndís Haraldsdóttir, Kristinn Anderssen (sem yfírgaf fund um 12:30) og Sverrir Óskarsson (sem yfírgaf fund um 12:25)
Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Húsnæðismál.
2. Ferðaþjónusta fatlaðs fólks
3. Önnur mál
 - a. Leiðarkerfismál.

Tekið fyrir:

1. Húsnæðismál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í húsnæðismálum. Í athugun er að sameina alla starfsemi Strætó á Hesthálsi 12. Lokið er þarfagreiningu og hönnun húsnæðis. Kostnaður Strætó vegna flutninganna verður í kringum 5. milljónir króna, sem fellst í fjárfestingu í húsbúnaði og varaafli fyrir þjónustuver.

Stjórn óskar eftir að minnisblað verði tekin saman um núverandi leigukostnaði og væntanlegan leigukostnað eftir flutning. Óskað var eftir bráðabirgðamati á verðmæti eignar Strætó í Mjódd.

Stjórn samþykkir að áfram verði unnið að flutning starfsemi Strætó upp á Hestháls.

2. Ferðaþjónusta fatlaðs fólks

Erlendur sviðsstjóri farþegaþjónustusviðs mætti á fundinn og fór yfir stöðuna. Stór akstursaðili í B-hlutanum hefur tilkynnt að hann muni ekki halda áfram akstri vegna slæmrar afkomu. Getur haft áhrfi af þjónuststig við notendur akstursþjónustunnar ef þetta verður niðurstaðan.

3. Önnur mál

- a) Leiðarkerfismál. Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra var falið að koma tillögur um næstu skref.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: 13:00

Heiða Björg Hilmisdóttir
Sverrir Óskarsson
Sigrún Edda Jónsdóttir

Kristinn Anderssen
Bryndís Haraldsdóttir
Sigríður H. Jónsdóttir